

## 13. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

13. fundur landbúnaðarnefndar var haldinn 18. Ágúst 2020 í Huppusal. Nefndin mætti, Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson, ásamt fjallkóngi, Jóni Bjarnasyni. Síðar á fundinn kom oddviti Hrunamannahrepps, Halldóra Hjörleifsdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. COVID-19
  - a. Í ljósi COVID- 19 og þeim samkomutakmörkunum sem nú eru í gangi er ljóst að það þarf að ýmsu að huga varðandi fjallferð og réttarstörf þetta árið.
  - b. Björgvin og Jón upplýstu okkur um hvað hafi farið fram á fundi með lögreglustjóra og fulltrúum í Árnessýslu.
2. Fjallferð
  - a. Fjallferðin getur farið fram með nokkuð hefðbundnum hætti.
3. Réttir
  - a. Vegna fjöldatakmarkana verður ekki heimilt að hleypa hverjum sem er í réttir eins og tíðkast hefur. Nánari útfærsla er í vinnslu með tilliti til fjölda fjár á hverjum bæ.
  - b. Undanfarin ár hefur fulltrúi frá hverjum hreppi mætt í Skeiðaréttir, Tungnaréttir og Skaftholtsréttir til að fylgjast með Hreppadilknum. Það verður ekki þetta árið. Nánari útfærsla er í vinnslu, þ.e.a.s. hvenær bændur geti sótt féð sitt í þær réttir sem er heimilt að sækja fé.
  - c. Ýmsar hugmyndir ræddar. Frekari leiðbeiningar koma eins fljótt og auðið er.
4. Önnur mál
  - a. Ákveðið að tala við björgunarfélagið Eyvind um að aðstoða við gæslu á réttardaginn.

Fundi slitið klukkan 23.10